

47
30. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á reglugjörð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu,
13. apríl 1921.**

1. gr.

Orðin „og þó ekki lengur en til 30. júní“ í 9. gr. reglugjörðarinnar falli burt, en í stað þeirra komi: „þó skal leyfilegt að ala yrðlinga, sem nást á grenjum, til júliloka, ef nauðsynlegt er vegna sölu á þeim.“

2. gr.

Í stað orðanna „sektum frá 10—200 kr.“ í 14. gr. komi: „sektum frá 10—500 kr.“

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júlí 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

48
31. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á reglugjörð 2. nóv. 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu
um fjallskil o. fl.**

1. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 5. greinar bætist:

Oddviti og einn maður úr hreppsnefnd þess hrepps, er vörðinn hefir sett, semur lista yfir alt það fje, sem þannig er selt út, og skal hreppsnefnd þess hrepps, er fjenaðareigendur eiga heima í, skylt að innheimta gjöldin hjá hlutaðeigendum samkvæmt lista þeim, sem áður er um getið og standa hreppsnefnd þess hrepps, er vörðinn hefir sett, skil á fyrir lok ágústmánaðar.

Gjöld þessi má taka lögtaki. Framtalsskýrslur eru hreppstjórar skyldir að láta hreppsnefndum í tje strax að afloknum vorhreppaskilum, ef með þarf. **48** 31. júlí

Á tveim stöðum í annari málsgrein sömu greinar komi 1 króna í stað 50 aurar.

2. gr.

Á tveim stöðum í 6. grein komi 50 aurar í stað 20 aurar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. sept. 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1924.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Páll Pálmason.

REGLUGJÖRÐ

um

breytingu á og viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, og reglugjörð um breyting á og viðauka við sömu reglugjörð frá 3. maí 1919.

1. gr.

Á eftir orðunum „seld á markaði“ í reglugjörð 3. maí 1919 (68. gr. fjallskilareglugjörðarinnar) komi: skulu markskoðunarmenn semja nákvæma skýrslu um öll þau hross, er seld eru á markaðinum, og greina þar frá aldri, lit, kyni og marki, og nafni þess manns, er selur, ásamt nafni eiganda, ef það tvent fer ekki saman. Skýrslu þessa skulu þeir afhenda sýslumanni þegar að afstöðnum markaði.

2. gr.

Á eftir orðunum: „og skal þar með fylgja fjallskilareglugjörð sýslunnar“ í 61. gr. fjallskilareglugjörðarinnar komi: þegar sýslunefnd telur prentunar þörf.

3. gr.

Aftan við 30. gr. fjallskilareglugjörðarinnar bætist: Þó er þeim hreppsnefndum er þess óska, heimilt að láta kostnað af viðhaldi og byggingu rjetta hvíla á fjallskilasjóði hreppsins eða hreppanna, ef fleiri eru í upprekstrar-